

Fundur í foreldrafélagi Álfasteins, haldinn 30. apríl á Álfasteini.

Mætt: Jón Þór, Rachel, Andrea, Hugrún, Ádís og Halla Björk.

1. Buff á vorhátíð

Jón Þór spyr hvort foreldrafélagið hafi tök á að greiða hluta buffanna sem leikskólinn ætlar að gefa krökkunum á vorhátíðinni í tilefni þess að heilsufáninn verður afhentur. Andrea fór yfir fjárhagsstöðu félagsins og var stjórn félagsins samþykkt að greiða allt að 20 þús krónur í buffunum. Hugrún ætlar að kanna verð á buffum betur og senda okkur svo tölvupóst.

2. Andrea greindi frá því að erfitt hefur verið að innheimta gjöld fyrir danskennsluna. Samþykkt að stefna að því næsta vetur, ef ákveðið verður að bjóða upp á danskennslu, að foreldrar verði búnir að greiða gjaldið áður en danskennslan hefst.

3. Foreldrafélagið hefur greitt fyrir akstur tveggja ípróttiferða á ári. Nú hefur ferðunum fjölgað vegna heilsustefnunnar, þær eru þrjár á þessu skólaári og á næsta ári er stefnt að því að þær verði fjórar til fimm. Ákveðið að á næsta skólaári haldi foreldrafélagið áfram að greiða fyrir tvær ferðanna en leikskólinn greiði akstur hinna ferðanna.

4. Vorhátíð

Vorhátíðin verður haldin 1. júní kl. 10-12.30. Dagskráin hefst á því að krakkarnir munu syngja, heilsufáninn verður afhentur og svo verður unnið í grænmetisgarðinum. Að því loknu verður grillað og boðið upp á ís á eftir. Einnig verður boðið upp á andlitsmálun og myndlistarsýningu þar sem foreldrar geta keypt verk barna sinna en með því móti hefur safnast fyrir ferð í Sundlaugargarðinn. Andrea mun sjá um að koma með grill á hátíðina, Hugrún ætlar að útvega timbur þannig að hægt verði að smíða þak á kofann, einnig þarf að athuga með sand í grænmetisgarðinn, útsæði og fleira.

5. Ferð á generalprufu í Þelamerkurskóla

Jón Þór spyr hvort ánægja hafi verið með ferðina á generalprufuna. Ferðin gekk vel, Hugrún segist ekki hafa fengið nein viðbrögð frá foreldrum. Krakkarnir héldu athygli við sýninguna í klukkutíma og er það passlegur tími.

Önnur mál

Sveitaferð verður 11. maí. Farið verður í Stóra-Dunhaga eins og undanfarin ár. Rætt um fjöruferð, Jón Þór varpaði fram hugmynd að fara í fjöruna á Hjalteyri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Halla Björk ritaði fundargerð.